

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Reykjahlíðarhverfis í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Skútustaðahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu hefur einkaleyfi til að reka vatnsveitu og sölu neyzluvatns í Reykjahlíðarhverfi í hreppnum.

2. gr.

Skýlt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar.

3. gr.

Hreppsnefnd Skútustaðahrepps hefur á hendi yfirstjórn vatnsveitunnar og sér um fjárreiður hennar og bókhald, en vatnsveitunefnd annast öll framkvæmdastörf við vatnsveituna þ. á m. viðhald og endurbætur í samráði við oddvita og hreppsnefnd.

4. gr.

Vatnsveitunefnd skal kosin af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn að afstöðnum sveitarstjórnarkosningum. Skal nefndin skipuð þremur aðalmönnum og jafnmörgum til vara, og skulu a. m. k. tveir nefndarmanna vera búsettir í Reykjahlíðarhverfi.

5. gr.

Enginn má án leyfis vatnsveitunefndar leggja vatnsæðar frá vatnsveitukerfinu eða tengja aflvélar við það.

Hver húseigandi, sem fær hús sitt tengt við vatnsveituna, skal annast um lagningu heimæðar frá götuæð veitunnar og greiða kostnað af henni, og ber honum að fara eftir fyrirmælum vatnsveitunefndar um allt, sem lýtur að tengingu og lagningu heimæðar, svo og lagningu innanhússvatnskerfis.

Sama gildir um viðhald heimæðar og innanhússvatnskerfis, og er hverjum húseganda skýlt að gera tafarlaust við leka á vatnsæðum þeim, er í grein þessari eru taldir.

6. gr.

Heimilt er umsjónarmönnum veitunnar að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til að athuga vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu vatnsveitunnar, sem þeir telja nauðsynlegar. Loka má fyrir vatn, meðan hreinsun og viðgerð fer fram á geymum eða æðum veitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrir fram, ef kostur er.

7. gr.

Hver sá, er fær tengda heimæð frá aðalveitu, skal greiða í eitt skipti stofngjald kr. 7000.00 sé um íbúðarhúsnæði að ræða. Um stofngjald fyrir húsnæði, sem notað er til atvinnurekstrar, s. s. veitingahús, verzlánir og iðnfyrirtæki, skal sveitarstjórn gera sérsamning hverju sinni.

Stofngjald skal greiða í síðasta lagi, þegar tenging fer fram.

8. gr.

Af öllum húseignum á veitusvæðinu, sem vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða, skal árlega greiða vatnsskatt, er nemi 4% — fjórum af hundraði — fasteignamats húseignarinnar, auk þess sem húseigandi skal greiða árlega fastagjald kr. 800.00 af hverri húseign.

Séu fleiri en ein íbúð í sama húsi, greiðist árlega í fastagjaldi kr. 800.00 af hverri íbúð.

9. gr.

Auk vatnsskatts og fastagjalds samkvæmt 8. gr. skal árlega greiða aukavatnsskatt vegna fyrirtækja og atvinnurekstrar s. s.: veitingahúsa, verzlana, iðnfyrirtækja og þvottastöðva fyrir bifreiðar. Aukavatnsskattur skal vera kr. 2.00 af rúmmetra. Ef vatnið er ekki mælt, skal áætla notkunina.

10. gr.

Fyrir önnur vatnsafnot skal greiða, svo sem hér segir:

- | | |
|--|-----------|
| a. Fyrir hvern nautgrip, sem inni er að vetri | kr. 50.00 |
| b. Fyrir hvert hross, sem inni er að vetri | — 30.00 |
| c. Fyrir hverja sauðkind, sem inni er að vetri | — 2.00 |

11. gr.

Hreppsnefnd Skútustaðahrepps er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50%, bæði í heild og einstökum liðum, fyrir eitt ár í senn án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

12. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á vatnsæðum eða tækjum, eða greiða ekki gjöld samkvæmt reglugerð þessari á réttum gjalddögum.

13. gr.

Gjalddagi vatnsskatts og aukavatnsskatts er 15. janúar ár hvert vegna vatnsnotkunar undanfarandi ár. Greiðist vatnsskattur ekki á gjalddaga, falla á hann dráttarvextir. Vatnsskattur er tryggður með lögveði í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningi og aðfararveðum.

14. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, og skulu reikningar hennar endurskoðaðir árlega af endurskoðendum hreppsins og skulu fylgja hreppsreikningum ár hvert.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggji við lögum samkvæmt.

Mál út af reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Skútustaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. maí 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.